

Endurskoðuð áætlun Íbúðalánasjóðs 2012

(um útlán, greiðslur og útgáfu íbúðabréfa)

Endurskoðuð áætlun útgáfa íbúðabréfa Íbúðalánasjóðs til loka árs 2012 til fjármögnunar nýrra útlána og afborgana er 16 – 20 milljarðar króna að nafnvirði en 24 – 30 milljarðar að markaðsvirði.

Íbúðalánasjóður áætlar að ný útlán sjóðsins verði 15 – 21 milljarður króna á árinu 2012, þar af er gert ráð fyrir að lán til lögaðila nemi 4 - 5 milljörðum króna.

Útboð íbúðabréfa og útlán Íbúðalánasjóðs

Áætlun til loka árs 2012	2.Q	3.Q	4.Q	Samtals
Útgáfa íbúðabréfa (Nafnvirði)	6 – 7	4 – 6	6 – 7	16 – 20
Útgáfa íbúðabréfa (Áætlað markaðsvirði)	9 – 11	6 – 8	9 – 11	24 – 30
Ný útlán Íbúðalánasjóðs	4 – 6	6 – 8	5 – 7	15 – 21

Tölur eru í milljörðum ISK.

Nokkur óvissa ríkir um útlána- og útgáfuáætlanir í ljósi aðstæðna á fjármála- og fasteignamarkaði. Nákvæmar tölur um áætluð útlán og útgáfu íbúðabréfa er því ekki hægt að gefa upp. Þannig geta einstakar tölur í útboðum færst á milli ársfjórðunga og veltur það á markaðsaðstæðum hverju sinni.

Íbúðalánasjóður áætlar að greiða 54 - 60 milljarða króna á árinu 2012 vegna fjármögnunar sjóðsins.

Greiðslur Íbúðalánasjóðs

Áætlun til loka árs 2012	2.Q	3.Q	4.Q	Samtals
Greiðslur Íbúðalánasjóðs	19 – 21	16 – 18	19 – 21	54 – 60

Tölur eru í milljörðum ISK.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á fasteigna- og íbúðalánamarkaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum getur ofangreind áætlun breyst. Íbúðalánasjóður endurskoðar áætlanir sínar ársfjórðungslega og oftast ef þörf krefur.

Ekki er gert ráð fyrir frekari útgáfu íbúðabréfa á fyrsta ársfjórðungi 2012.